

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti)

Frá meiri hluta viðskiptanefndar

Viðskiptanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009. Eftirtaldir gestir komu á fund nefndarinnar: Helga Óskarsdóttir og Þóra Hjaltested frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Borghildur Erlingsdóttir frá Einkaleyfastofu, Gunnar Þ. Andersen, Ragnar Hafliðason og Þorsteinn Marinósson frá Fjármálaeftirliti og Páll Gunnar Pálsson og Rögnvaldur J. Sæmundsson frá Samkeppniseftirliti.

Heildargjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 3.296,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 92,5 m.kr. sem nema 2,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.204,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.280,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.923,8 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Samkvæmt frumvarpinu aukast útgjöld ráðuneytisins um 135,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2010 en með tilliti til áhrifa almennra verðlags- og gengisbreytinga hækka útgjöldin 146,5 m.kr. milli ára, þ.e. 4,8%. Breytingum útgjalda má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 228 m.kr. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 sem nema 365,4 m.kr. Í þriðja lagi falla niður ýmis tímabundin framlög að fjárhæð 2 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frátöldum sértekjum eru áætluð 2.735 m.kr. og hækka um 240,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Fjárveitingar til reksturs flestra stofnana lækka um alls 224 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Hins vegar er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 455 m.kr. og munar þar helst um 397,4 m.kr. hækkun framlaga til Fjármálaeftirlitsins. Nokkur framlög til tímabundinna verkefna að fjárhæð 2 m.kr. falla niður. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar nemur um 10,9 m.kr.

Á vegum ráðuneytisins er unnið að tveimur tilraunaverkefnum í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Um er að ræða annars vegar verkefni sem lýtur að styrkúthlutun af ráðstöfunarfé ráðherra og hins vegar verkefni sem verður unnið í tengslum við rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.

Einkaleyfastofa og Fjármálaeftirlit eru tvær af fjórum stofnunum sem heyra undir ráðuneytið. Þær fjármagna starfsemi sína með sérstöku gjaldi sem þær innheimta. Einkaleyfastofan innheimtir þjónustugjöld sem standa undir rekstri hennar. Innheimtum tekjum er varið til að sinna þeirri þjónustu sem er greitt fyrir og hefur því ekki þurft beint framlag úr ríkissjóði vegna stofnunarinnar. Undantekning frá þessu er faggildingarsvið en ríkisframlag hefur verið nauðsynlegt til reksturs þess. Fjármálaeftirlitið innheimtir svonefnt eftirlitsgjald sem leggst á eftirlitsskylda og gjaldskylda aðila, sbr. 1. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skv. 2. mgr. sömu greinar skal gjaldið renna beint til reksturs eftirlitsins. Meiri hlutinn bendir á að e.t.v. væri nauðsynlegt að aðgreina slíkar stofnanir sérstaklega í fjárlagafrumvarpinu og færa til bókar bæði væntanlegan kostnað og innheimtar tekjur.

Bent skal á að til stendur að fjölga stöðugildum hjá Samkeppniseftirlitinu um tvö til þrjú til að standa straum af kostnaði vegna aukinna rannsóknarverkefna stofnunarinnar en tillagan byggist á frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, sem hefur það að markmiði að veita aukið aðhald á samkeppnismörkuðum.

Hjá Hagstofunni mun stöðugildum fækka um fimm til sex. Raunlækkun til Hagstofunnar frá fjárlögum þessa árs nemur 64 m.kr. sem skýrist af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum.

Í athugasemdum við frumvarpið er (á bls. 413) kveðið á um að fjárveiting til Einkaleyfastofu hækki um 26,8 m.kr. Hið rétta er að fjárveitingin lækkar samkvæmt frumvarpinu um sömu fjárhæð.

Þá er (á bls. 410) getið um helstu breytingar málaflokkum og stofnunum sem heyra undir samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti. Þar hlýtur að vera átt við efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Eygló Harðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. nóvember 2010

Lilja Mósesdóttir
Magnús Orri Schram
Skúli Helgason
Arndís Soffía Sigurðardóttir
Valgerður Bjarnadóttir
Margrét Tryggvadóttir